



Stafræn hæfni og færni samfélaga á landsbyggðinni

„STAFFRÆN SAMFÉLÖG: Stafræn færni og hæfni sveitarfélaga á landsbyggðinni“ er evrópskt samstarfsverkefni sem miðar að því að tryggja að sveitarfélög í dreifðari byggðum fái tækifæri til að þróa stafræna færni, tileinka sér nýja tækni og byggja upp samfélög í kringum þessa sameiginlegu reynslu.

6 samstarfsaðilar frá 5 Evrópulöndum vinna sameiginlega að því að greina rafræna þjónustu í hverju landi sem gagnast getur eldri borgurum á landsbyggðinni. Í verkefninu felst einnig þróun hæfnipjálfunar á sviði stafrænnar tækni og þróun verkfæra á sama sviði fyrir eldra fólk. Samstarfsverkefninu er ætlað að efla leiðbeinendur í heimabyggð til að styðja við stafræna hæfni eldri borgara.



MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- efla stafræna færni eldri borgara og sjálfsöryggi þeirra við notkun verkfæra á vefnum til að bæta heilsu og auka lífsgæði
- veita leiðbeiningar, skref fyrir skref, um hvernig eigi að fá aðgang að og nota opinbera þjónustu á vefnum
- þróa færni leiðbeinenda í heimabyggð til að veita þjálfun og stuðning við notkun aldraðra á stafrænni tækni
- efla tengslanet og samheldni innan samfélagsins

AFURÐIR VERKEFNISINS

- Sýndarstoðtæki fyrir stafræna þátttöku eldri borgara, þar á meðal:
 - Vegvísar sem veita upplýsingar um rafræna opinbera þjónustu á Íslandi, Spáni, í Búlgaríu og Svíþjóð
 - Kennsluefni í formi teiknaðra myndskreiða sem byggð eru á raunverulegum aðstæðum og þörfum eldra fólks. Farið er yfir hvar og hvernig er hægt að nálgast þjónustu á vefnum
- Handbók fyrir leiðbeinendur á sviði stafrænnar hæfni í samfélaginu, með aðferðum, verkfærum og dæmum. Handbókin nýtist við þróun færni leiðbeinenda í heimabyggð til að veita öldruðum stafræna hæfniþjálfun og stuðning

Frekari upplýsingar um verkefnið eru aðgengilegar á heimasíðu þess

digital-communities.eu



Husavik
Academic Center



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar og framkvæmdastjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar.